



Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Reykjavík 3. júní 2022.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), 690. mál.

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent undirrituðum aðilum til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs. Sjómannasamband Íslands (SSÍ), VM-Félag vélstjóra og málmæknimanna (VM) og Félag skipstjórnarmanna (FS) vilja koma eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið á framfæri:

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lágmarks iðgjald til lífeyrissjóða hækki úr 12% í 15,5%. Er þetta gert til að jafna lífeyrisrétt milli opinbera vinnumarkaðarins annars vegar og almenna vinnumarkaðarins hins vegar. Þessi breyting á lögnum væri góð ef hún ætti við um alla á almenna vinnumarkaðnum. Í 6. gr. frumvarpsins er hins vegar sett inn ótímasett bráðabirgðaákvæði sem undanskilur sjómenn frá þessari reglu, en þeir eiga einir stétta að una því að aðeins sé greitt 12% af þeirra launum í lífeyrissjóð þar sem útgerðin hefur ekki ljáð máls á því í kjaraviðræðunum við sjómenn að hækka þetta hlutfall í 15,5% eins og gert hefur verið hjá öðru launafólki. SSÍ, VM og FS mótmæla því að sjómenn séu skildir eftir hvað lágmarks iðgjald í lífeyrissjóð varðar ef á annað borð er verið að setja lög sem skylda alla aðra til að greiða 15,5% af launum í lífeyrissjóð.

Rökin fyrir því að sjómenn eru skildir eftir virðast þau að sjómenn séu á hlutaskiptakerfi og því verði þeir sjálfir að semja við útgerðina til að fá þessa hækkun á mótframlagi vinnuveitandans. Vissulega er launakerfi sjómanna frábrugðið flestum öðrum launakerfum í landinu. Það réttlætir þó ekki að þeim sé mismunað með þeim hætti sem hér er gert. Það er rétt að launamenn sem öðlast hafa þennan rétt gáfu eftir samsvarandi launahækkun og því greiddi launafólk fyrir þennan rétt með lægri launahækkun en að óbreyttu hefði orðið. Það er því rétt að benda stjórnvöldum á að kauptrygging og aðrir launaliðir hjá sjómönnum tóku á endanum sömu launabreytingum og launataxtar í landi fram að lífskjarasamningunum svokölluðu en sjómenn hafa ekki fengið hækkun á kauptryggingu og launaliðum síðan enda kjarasamningar verið lausir frá 1. desember 2019. Því hafa sjómenn að hluta til greitt fyrir þennan rétt án þess að fá nokkuð í staðinn. Kauptrygging og aðrir launaliðir gætu vegið um 25% - 30% af aflahlutnum að meðaltali og má því segja að sjómenn séu þegar búnir að greiða

Það hlutfall af laununum upp í 3,5% viðbótarframlagið til að fá 11,5% mótframlag frá útgerðinni í stað 8% nú.

Eins og aðrir atvinnurekendur fengu útgerðirnar lækkun á tryggingagjaldinu m.a. til að standa undir kostnaðaraukanum við að hækka mótframlagið í lífeyrissjóðina um 3,5%.

Tryggingagjaldið var lækkað um 0,5%-stig um mitt ár 2016, um 0,25%-stig í upphafi árs 2019, um 0,25%-stig í upphafi árs 2020 og um 0,25%-stig í upphafi árs 2021. Almenn tryggingagjald var síðan hækkað aftur um 0,25%-stig frá 1. janúar 2022. Frá miðju ári 2016 hefur almennt tryggingagjald á útgerðina því verið lækkað úr 7,35% í 6,35% af iðgjaldsstofni til tryggingagjalds eins og hjá öðrum atvinnurekendum í landinu. Útgerðin hefur hins vegar ekkert þurft að leggja á móti í aukinn lífeyrisrétt til sjómanna þrátt fyrir þetta eins og annar atvinnurekstur í landinu hefur þurft að gera.

Benda má einnig á að starf sjómannsins er erfitt og almennt er því starfstími sjómanna í atvinnugreininni styttri en almennt er í öðrum atvinnugreinum og því hafa þeir skemmri tíma til að afla sér réttinda í lífeyrissjóði en gengur og gerist hjá öðrum stéttum. Af þeirri ástæðu væru full rök fyrir því að lágmarksiðgjaldið kæmi til sjómanna eins og til annarra starfsstétta óháð því hvort samningar um það hafi tekist við útgerðarmenn eða ekki.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum og umsögn um 6. grein þess þar sem sjómenn eru látnir sitja á hakanum varðandi lágmarks iðgjald í lífeyrissjóð eru rök stjórnvalda m.a. þau að þetta sé lagt til „...með það fyrir augum að frumvarp þetta hafi ekki bein áhrif á kjarasamninga sem í gildi eru eða þær kjaraviðræður sem í gangi eru við gildistöku frumvarpsins, heldur sé samningsfrelsi aðila virt og þeim gefið svigrúm til að aðlaga sína kjarasamninga að breyttu lágmarki...“.

Í greinargerð með frumvarpinu, kafla 6.1. þar sem fjallað er um áhrif hækkunar lágmarksiðgjaldsins, segir í 2. mgr. þess kafla: „Með hækkun mótframlags launagreiðenda úr 8% í 11,5% hækkar launakostnaður á framleidda einingu um 3,2% og er þá búið að taka tillit til herra tryggingagjalds vegna hækkunar á stofninum sem það er reiknað af, en stofn til tryggingagjalds eru laun og iðgjöld launagreiðenda í lífeyrissjóð. Hækkunin hefur áhrif á rekstrarforsendur fyrirtækja og gæti leitt til þess að hagræða þurfi. Breytingin hefur líklega hvað mest áhrif í mannaflafrekum greinum með hlutfallslega lága framleiðni og á þá sem eru sjálfstætt starfandi“.

Því verður varla haldið fram með réttu að framleiðni í útgerð sé lág og því sé íþyngjandi fyrir útgerðina að taka á sig þann aukna launakostnað sem er því samfara að greiða viðbótarframlagið til sjómanna. A.m.k. segja tölur um rekstrarafkomu útgerðarinnar undanfarin ár annað auk þess sem mikil hagræðing hefur þegar átt sér stað í greininni með þeim afleiðingum að sjómönnum hefur fækkað verulega á síðustu árum. Af þessari ástæðu m.a. eru engin rök fyrir að sjómenn séu undanskildir því að fá þetta viðbótarframlag þó ekki hafi verið samið um það við útgerðina.

Rétt er að benda á að kjarasamningar sjómanna á fiskiskípum hafa nú verið lausir frá 1. desember 2019. Þar áður voru samningar sjómanna lausir frá ársbyrjun 2011 þar til samningar náðust loks eftir langt verkfall sjómanna þann 18. febrúar 2017. Enginn árangur hefur orðið í kjaraviðræðunum milli Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi annars vegar og sjómanna hins vegar um endurnýjun kjarasamningsins nú enda lítill vilji hjá útgerðinni til að

ljúka málinu eins og svo oft áður. Ekki er útlit fyrir að samningum milli aðila verði lokið fyrir gildistöku frumvarpsins verði það að lögum.

Það er nýtt að stjórnvöld beri virðingu fyrir samningsfrelsi sjómanna á fiskiskipum. Stjórnvöld hafa marg sinnis á undanförunum árum og áratugum gripið inn í kjaradeilur sjómanna og útgerðarmanna með lagasetningum, en væntanlega líta stjórnvöld svo á að það sé í lagi þegar slíkt inngríp hentar útgerðinni. Síðast í kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna árið 2017 voru þáverandi stjórnvöld tilbúin með lagafrumvarp til að binda enda á deiluna. Búið var að kalla Alþingi saman til að afgreiða málið og var sjómönnum aðeins gefinn nokkurra klukkustunda frestur til að ljúka samningum til að forðast lagasetningu stjórnvalda á deiluna. Að öðrum kosti hefðu stjórnvöld sett lög á deiluna. Það hlýtur að vera augljóst að slík framkoma stjórnvalda er beint inngríp í kjaradeilu aðila.

Annað dæmi má nefna þar sem stjórnvöld hafa breytt kjarasamningi aðila jafnvel á gildistíma samningsins. Í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, 9. mgr. 11. gr. er „skipstjóra“ heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Það er auðvitað ekki skipstjóri skips sem tekur ákvörðun um þetta heldur útgerð viðkomandi skips. Í 10 mgr. 11. gr. er síðan sagt að útgerðin fái 20% af andvirði aflans til sín og af þeim 20% reiknist síðan aflahlutir skipverja. Þarna er löggjafinn beint að hlutast til um að útgerð megi skerða laun sjómanna um 80% af því aflaverðmæti sem útgerð skips ákveður sjálf að landa með þessum hætti þrátt fyrir þá vinnu sem sjómenn hafa lagt á sig við að ganga frá þessum afla. Þetta eru bein inngríp í kjarasamninga sjómanna. Þau rök stjórnvalda um að virða samningsfrelsi sjómanna og skilja þá því eftir hvað þetta réttindamál launamanna varðar um aukið framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð halda því ekki vatni.

Að framansögðu eru því öll rök til þess að útgerðin greiði þetta 3,5% mótframlag af launum sjómanna í lífeyrissjóð þó svo að ekki hafi verið samið um málið milli aðila. Fari frumvarpið í gegn óbreytt líta SSÍ, VM og FS svo á að stjórnvöld séu að mismuna launamönnum eftir starfsgreinum.

Með vísan til þess sem sagt er hér að framan skora SSÍ, VM og FS á stjórnvöld að fella út 6. gr. frumvarpsins sem undanskilur sjómenn frá 15,5% lágmarks iðgjaldi af launum í lífeyrissjóð.

fyrir hönd FS, VM og SSÍ,

Félags skipstjórnarmanna	VM – Félag vélstjóra og málmtæknumanna	Sjómannasamband Íslands
		